

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu árið 2019

Inngangur

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu vinnur skv. samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla inna lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Markmið samþykktarinnar er að tryggja verndun grunnvatns vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins þannig að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru í gildandi löggjöf. Þannig er stuðlað að hámarkshollustu og gæðum ómeðhöndlaðs neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á vatnsverndarsvæðum vatnsbóla á svæðinu. Verndun er byggð á afmörkun svæðis, stjórnun, eftirliti, vöktun, samvinnu sveitarfélaga og upplýsingagjöf.

Framkvæmdastjórnin kemur fram sem fulltrúi heilbrigðisnefnda eftir því sem við á vegna vatnsverndar og vatnsnýtingar yfir lögsögumörk. Nefndin fjallar um ýmis konar áform er varða skipulag, framkvæmdir og landnýtingu. Fundagerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda.

Stjórnina skipa Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis (HKJ), Árný Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) og Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK) en hann tók við formennsku af Þorsteini á fyrsta fundi ársins.

Um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins þekur um 247 km². Svæðinu er skipt í fjóra verndarflokka: Brunnsvæði (3,5% á þekju), grannsvæði (39%), fjarsvæði (49%) og öryggissvæði (8,5%). Brunnsvæðin eru afgirt og lokuð fyrir óviðkomandi umferð, grannsvæðin eru ógirt og umferð aðallega vegna útivistar. Svæðið er skiltað við útmörk þess og er eftirlit eftir þörfum. Grunnvatn og neysluvatn sem kemur frá vatnsverndarsvæðinu er í hæsta gæðaflokki og mikilvægt er að þessi auðlind verði nýtanleg um ókomna tíð. Jarðfræði svæðisins einkennist af lekum jarðlögum og eru víða sprungur þar sem er opið ofan í grunnvatnið og því er svæðið sérstaklega viðkvæmt fyrir mengun þar.

Samráðshópur SSH

Formaður framkvæmdastjórnar sat fundi samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) ásamt fulltrúum veitna og fulltrúum sveitarfélaganna. Haldnir voru nokkrir fundir á árinu þar sem fjallað er um helstu verkefni í tengslum við vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, framkvæmdir á vatnsverndarsvæði og rannsóknir. Meginverkefni samráðshópsins á árinu 2019 fólst í því að fara yfir hugmyndir og tillögur að nýjum rannsóknarholum á Bláfjallasvæðinu og þannig styrkja grunnvatnslíkanið fyrir höfuðborgarsvæðið.

Framkvæmdastjórnin hefur á liðnum árum talið mikilvægt að efla grunnrannsóknir á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins til að bæta þekkingu um legu grunnvatnsstrauma og er mikilvægur þáttur í þeim rannsóknum að fjölga rannsóknarholum á svæðinu. Grunnvatns- og rennislíkan höfuðborgarsvæðisins gegnir lykilhlutverki við framfylgd vatnsverndar sem og við mat á áhrifum nýrra framkvæmda eða starfsemi á aðrennslissvæðum vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins.

Í lok árs náðist samkomulag um viðhald grunnvatns- og rennislíkans á höfuðborgarsvæðinu sem unnið verður að á vegum Verkfræðistofunnar Vatnaskila, en árleg endurskoðun rennislíkans af höfuðborgarsvæðinu hefur gengið vel á árinu. Nokkrar góðar uppfærslur hafa ratað inn í líkanið úr tengdum verkefnum sem styrkt hefur forsendur þess. Þá var samþykkt í samráðshóp SSH að á árinu 2020 verði settur upp síriti í núverandi vinnsluholu skíðasvæðisins og hafinn undirbúningur vegna borframkvæmda með gerð útboðsgagna og gerð akstursslóða að borstöðum fyrir 4-5 viðbótar rannsóknarholur. Þær holur verði síðan boraðar á árinu 2021. Framkvæmdastjórn vatnsverndar beindi því til Samráðshóps SSH að í ljósi þeirra athugasemda og nýrra upplýsinga sem fram koma í skýrslu Vatnaskila um hugsanlega mengunarhættu frá fyrirhuguðu athafnasvæði á Hólmsheiði, að kannað verði hvort ástæða sé til að breyta núverandi afmörkun öryggissvæðis vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið og hvort breyta þyrfti ákvæðum um landnotkun í framhaldinu. Unnið er að málinu og er málið í farvegi hjá Veitum, Vegagerðinni og Reykjavíkurborg.

Fundir á árinu 2019

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins hélt fjóra fundi á árinu 2019. Auk stjórnarmanna sátu fundina þau Kristín Lóa Ólafsdóttir frá HER og Páll Stefánsson frá HHK.

Fundargerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda höfuðborgarsvæðisins og má nálgast fundargerðirnar á vefslóðum heilbrigðiseftirlitanna.

Helstu mál ársins

- **Hólmsheiði athafnasvæði.**

Nýtt deiliskipulag var kynnt fyrir Hólmsheiði á fyrsta fundi ársins og kom þar fram að deiliskipulagið liggur að jaðri vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins. Framkvæmdastjórn vakti athygli á því með bókun, að hluti svæðisins fari inná öryggissvæði grunnvatns og huga þurfi að vöktun á á framkvæmdatíma og mikilvægt sé að sú starfsemi sem fer inná svæðið hafi ekki mengunarhættu í för með sér.

Verkfræðiskrifstofan Vatnaskil vann í framhaldinu skýrslu um mat á mögulegri mengunarhættu gagnvart nærliggjandi vatnsbólum frá fyrirhuguðu athafnasvæði á Hólmsheiði og var skýrslan kynnt á næsta fundi. Helstu niðurstöður þeirrar skýrslu voru eftirfarandi:

- Greint er frá mati á mögulegri mengunarhættu frá fyrirhuguðu athafnasvæði á Hólmsheiði gagnvart nærliggjandi vatnsbólum Veitna við Gvendarbrunna og Jaðar.
- Fyrirhuguð meðhöndlun ofanvatns á athafnasvæðinu stangast á við forsendur vatnsverndar að því marki að gert er ráð fyrir við skipulag vatnsverndar að ekkert vatn renni á yfirborði vestan Hafravatnsvegar, sem gæti þá mögulega borist inn á öryggissvæði vatnsverndar og þ.a.l. áhrifasvæði vatnsbólanna.
- Í forhönnun ofanvatnslausna er gert ráð fyrir að útstreymi settjarnar verði til Hólmsár innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins. Varna þarf því alfarið að yfirborðsvatn berist frá athafnasvæðinu inn á öryggissvæði vatnsverndar.
- Með hliðsjón af viðmiðum vatnsverndarskipulags ætti því að meðhöndla fyrirhugað athafnasvæði sem öryggissvæði vegna yfirborðsvatns. Fjallað er um öryggissvæði, þ.m.t. mengunarvarnir og öryggisreglur á þeim í heilbrigðissamþykkt nr. 555/2015.
- Niðurstöður líkanreikninganna gefa til kynna að bætt hönnun og hæðarlega Hafravatnsvegar og Suðurlandsvegar gætu hjálpað verulega til að varna því að yfirborðsvatn berist inn eftir öryggissvæðum vatnsverndar. Mikilvægt er að horfa til þessa hvort sem það sé sett í samhengi uppbyggingar fyrirhugaðs athafnasvæðis eða annarra nota svæðisins.

Framkvæmdastjórn ákvað að beina því til SSH í ljósi þeirra athugasemda og nýrra upplýsinga sem fram koma í skýrslunni um hugsanlega mengunarhættu frá fyrirhuguðu athafnasvæði á Hólmsheiði að kannað verði hvort ástæða sé til að breyta núverandi afmörkun öryggissvæðis vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið. Jafnframt

þótti rétt að beina því til Vegagerðarinnar að endurskoða hönnun Suðurlandsveggar á þessu svæði með hliðsjón af vatnsverndarsjónarmiðum.

Skíðasvæðið í Bláfjöllum.

Fyrir lá krafa um að áformaðar framkvæmdir í Bláfjöllum færu í umhverfismat í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins lögðu fram viðbótargögn og því óskaði Skipulagsstofnun eftir annarri umsögn þann 15. febrúar 2019. Niðurstaða Framkvæmdastjórnar haustið 2018, var sú að ónægar upplýsingar lægu til grundvallar framkvæmdaáætlun fyrir skíðasvæðin og því væri nauðsynlegt að krefjast umhverfismats á framkvæmdinni.

Í ljósi aukins samráðs, nýrra gagna og áhættumats ásamt áformum um frekari rannsóknir á svæðinu, var það nú mat framkvæmdastjórnar að ekki sé lengur þörf á umhverfismati. Mikilvægar úrbætur á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið verði samhliða áframhaldandi uppbyggingu og framkvæmdum í Bláfjöllum og farið verði í lokanir á Bláfjallavegi 417-2 í samræmi við áhættumatsskýrslu VSÓ. Þá verði skoðað að lækka hámarkshraða á Bláfjallavegi í 70 km/klst.

Framkvæmdastjórnin vakti athygli á að sækja þarf um starfsleyfi fyrir hverri framkvæmd áður en framkvæmdaleyfi er gefið út og huga þarf að mótvægisáðgerðum sbr. greinagerð VSÓ til að lágmarka áhættu á mengunarslysi.

Á fundi framkvæmdastjórnar í nóvember var kynnt samþykkt bæjarstjórnar í Hafnarfirði um að lokað verði fyrir umferð bíla frá vegamótum við Bláfjallaleið og varanleg lokun sett við hellinn Leiðarenda. Jafnframt var samþykkt að umræddur vegarkafli yrði áhættumetinn og að það mat yrði tilbúið eigi síðar en í árslok 2021. Framkvæmdastjórn fagnaði ákvörðun bæjarins og bókað að þetta væri mikilvægur áfangi í að tryggja öryggi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Í byrjun febrúar 2020 kom Vegagerðin upp varanlegri lokun á veginum.

- **Kröfur til framkvæmda á vatnsverndarsvæði.**

Á fundi framkvæmdastjórnar í september voru lagðar fram verklagsreglur og kröfur sem gerðar eru til framkvæmda á skíðasvæðinu í Bláfjöllum sem eru á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Kópavogsbær fékk verkfræðiskrifstofuna VSÓ til að taka saman helstu þætti sem huga þyrfti að við framkvæmdir á Skíðasvæðinu í Bláfjöllum sem liggur inn á vatnsverndarsvæði. Í skjalinu eru settar fram kröfur um verklag til að lágmarka líkur á óhöppum sem geta leitt til mengunar grunnvatns.

Farið er yfir helstu verkferla og hlutverk viðeigandi aðila varðandi mengunarvarnir við framkvæmdir á vatnsverndarsvæðinu og hvaða aðilar veita leyfi til framkvæmda og hvaða framkvæmdir eru háðar samþykki og eftirliti. Þá er vikið að mikilvægi áhættumats vegna framkvæmda, en þá eru skoðaðar fyrirsjáanlegar hættur á mengun vatnsbóla.

Framkvæmdastjórn fagnaði gerð verklagsreglna um framkvæmdir í Bláfjöllum og hvetur til að útbúinn verði samskonar gátlisti fyrir allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæðinu.

- **Rannsóknarleyfi Orkustofnunnar til Reykjavík Geothermal á mögulegum jarðhita við Bolöldu.**

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Orkustofnunnar veitir stofnunin Reykjavík Geothermal rannsóknarleyfi á mögulegum jarðhita við Bolöldu. Ekki liggur fyrir framkvæmdaráætlun en framkvæmdastjórn þótti rétt að vekja athygli á að hluti rannsóknarsvæðisins er á fjar- og grannsvæði vatnsverndar og engar framkvæmdir verða leyfðar á því vatnsverndarsvæði án starfsleyfis heilbrigðisnefndar sbr. gr. 24 og 45 í samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015.

- **Árleg endurskoðun rennislíkans höfuðborgarsvæðisins.**

Árleg endurskoðun rennislíkans höfuðborgarsvæðisins, skýrsla Vatnaskila nr.18.11, desember 2018, var lögð fram til kynningar. Skýrslan er nú unnin fyrir vatnsveitur höfuðborgarsvæðisins í umsjón Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) en var áður unnin fyrir Orkuveituna. Niðurstaða skýrslunnar er í takt við fyrri skýrslur.

Eins og kemur fram í kaflanum um Samráðshóp SSH hefur framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins ásamt heilbrigðisnefndum á höfuðborgarsvæðinu kallað eftir frekari rannsóknum á grunnvatnsstreymi innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins til að tryggja áreiðanleika vatnafarslíkans sem liggur til grundvallar ákvörðunum um vatnsverndarsvæðið.

Samráðshópur SSH fékk Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) til að rýna rennislíkan Vatnaskila og meta styrkleika og veikleika líkansins og koma með í framhaldinu tillögur um hvort og hvar skynsamlegt er að bæta við rannsóknarholum og mæliholum til að styrkja grunnvatnslíkanið.

ÍSOR skilaði skýrslu sinni í maí s.l. og í henni kemur fram að þau svæði sem helst vantar rannsóknir á eru eftirfarandi:

- Í kringum skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum og Þríhnúkahelli. Vantar upplýsingar um grunnvatnsstefnur. Hvort og þá í hvaða mæli grunnvatn þaðan leiti til suðurs í Selvogsstraum eða í vestur og þá til vatnsbólanna í Vatnsendakrika eða til Kaldárbotna.
- Það vantar holur á leiðinni sunnan Sandskeiðs að svæði skíðasvæðisins og að Heiðmerkursvæðinu.
- Mosfellsheiði.

- Hjallamisgengið, einkum sunnan eða vestanvert.

Framkvæmdastjórn fagnar þeirri niðurstöðu sem náðist á vettvangi SSH um að farið yrði í rannsóknarboranir á svæðinu í samræmi við niðurstöður sem fram komu í skýrslu ÍSOR og að teknu tilliti athugasemda frá Vatnaskilum.

- **Deiliskipulag við Selvatn.**

Á síðasta fundi framkvæmdastjórnar á árinu var lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við Selvatn í Mosfellsbæ. Framkvæmdastjórn vakti athygli á því að vatnsverndaruppdráttur í aðalskipulagi Mosfellsbæjar sem fylgdi með gögnum málsins er úreltur, jafnframt að nauðsynlegt er að aðilar skili inn áhættumati sem nær bæði til framkvæmda og reksturs áður en sótt er um starfsleyfi.

Annað tengt vatnsverndarsvæðunum 2019

Heilbrigðiseftirlitin á höfuðborgarsvæðinu hafa í gegnum árin farið þess á leit við almenning að aka ekki um vatnsverndarsvæðið í Heiðmörk í erfiðum vetrarskilyrðum. Heilbrigðiseftirlitin hafa samráð um lokanir þegar aðstæður krefjast og ágætt samstarf er við Neyðarlínuna og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sem hafa samband við heilbrigðiseftirlitin ef óhöpp verða á vatnsverndarsvæðinu. Samkomulag hefur náðst um að loka Bláfjallavegi frá Leiðarenda að gatnamótum Bláfjallavegar sem liggur frá Suðurlandsvegi, en á þeim kafla er víða stutt niður á grunnvatn og umferðaróhapp þar gæti haft víðtækar afleiðingar fyrir vatnsbólin.

Þá hefur náðst samkomulag við Vegagerðina um að lækka umferðarhraða á Bláfjallavegi og jafnframt vinna að úrbótum á veginum í samræmi við það áhættumat sem unnið hefur verið að á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið.

Starfsmenn heilbrigðiseftirlits þurfa að bregðast við ýmsum atvikum sem upp koma á vatnsverndarsvæðum. Oftar en ekki er það í formi ráðgjafar og samvinnu við slökkvilið og lögreglu. Fæst þessara mála komu inn í fundargerð framkvæmdastjórnar en heilbrigðiseftirlitin höfðu um þau gott samstarf. Nokkur minni umferðaróhöpp urðu á verndarsvæðunum en engin mengunarslys af völdum þeirra.

Gefið var starfsleyfi til Veitna um að taka niður gamla háspennulínu frá Sandskeiði að Skíðasvæðinu í Bláfjöllum. Þá veitti Heilbrigðisnefnd HHK tímabundið leyfi til niðurrifs tveggja sumarsbústaða á vatnsverndarsvæðinu þ.e. Lækjarbotnalandi. Jafnframt var veitt leyfi fyrir niðurrifi í og við vatnsverndarsvæðið við Elliðavatn.

Brotist var inn í borholuhús í Vatnsendakrika og voru ummerki og skemmdir á gluggum, en engin ummerki voru um að átt hefði verið við borholuna sjálfa né vatnslagnabúnað. Ákveðið

var að taka borholuna úr rekstri þar til búið var að yfirheyra skemmdavarginn og komast að því hver ásetningur hans hefði verið. Það sem kom út úr þeim yfirheyrslum var að viðkomandi einstaklingur hafi verið að leita að verðmætum til að koma í verð.

Framkvæmdastjórn hvetur til þess að gerð verði úttekt á merkingum á vegum á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og gerðar verði þær úrbætur sem nauðsynlegar eru til að tryggja að upplýsingar til þeirra sem um svæðið fara sé í samræmi við mikilvægi vatnsverndar fyrir samfélagið.

Helstu lög, reglugerðir og samþykkt sem gilda um svæðið og kort

- Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b.
- Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, ásamt síðari breytingum.
- Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 með síðari breytingum.
- Samþykkt nr. 555/2015 um um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar
- Kort af vatnsverndarsvæðinu má nálgast á heimasíðum heilbrigðiseftirlitanna.

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

130. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins haldinn þann 26. febrúar 2020 kl. 09.00.

Til fundarins mættu: Árný Sigurðardóttir og Svava S. Steinarsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Hörður Þorsteinsson og Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði og Þorsteinn Narfason frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis.

1. Erindi frá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra

Hópur sem kom saman að beiðni almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra vegna hugsanlegrar gasmengunar af völdum mögulegs goss á Reykjanesskaga óskar eftir því að framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu taki eftirfarandi erindi til umfjöllunar.

Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra óskaði eftir því við almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins að kallaðir yrðu saman aðilar sem koma að loftgæðum, vatnsvernd og neysluvatni á höfuðborgarsvæðinu, svo sem heilbrigðiseftirlit, Veitur og fulltrúar veitna sveitarfélaganna á svæðinu, vegna hugsanlegrar gasmengunar frá mögulegu eldgosi á Reykjanesskaga. Einnig var óskað innleggs sérfræðinga frá HÍ, UST og VÍ.

Hópurinn kom saman mánudaginn 17. febrúar til þess að fjalla um málið ásamt fulltrúum almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra og fulltrúum almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Á fundinum var ákveðið að óska eftir því við framkvæmdastjórn um vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið að hún legði til farveg til þess að skoða þetta mikilvæga mál út frá vöktun, mælingum og viðbragðsáætlunum.

Framkvæmdastjórn hefur fjallað um erindið og var meðfylgjandi vöktunaráætlun með gæðum neysluvatns komi til eldgosa á Reykjanesskaga samþykkt. (Sjá viðhengi með fundargerð).

2. Tillaga að verklagsreglum við vegagerð á vatnsverndarsvæðum

Lögð fram tillaga að verklagsreglum við vegagerð á vatnsverndarsvæðum unna af VSÓ ráðgjöf fyrir Vegagerðina með stuðningi frá Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar.

Framkvæmdastjórn fagnar gerð verklagsreglna við vegagerð á vatnsverndarsvæðum. Þykir þó rétt að vekja athygli á allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum er háðar framkvæmdaleyfi viðkomandi heilbrigðiseftirlits. Eins og kemur fram í skýrslunni

3. Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu

Lögð fram drög að ársskýrslu framkvæmdastjórnar fyrir árið 2019.

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Fundi slitið kl.11:00

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Almannavarnir á höfuðborgarsvæðinu
b.t. Jóns Viðars Matthíassonar framkvæmdastjóra
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

Garðabær 28. febrúar 2020

Vöktunaráætlun með öryggi neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu komi til eldgosa á Reykjanesi.

Í erindi deildarstjóra hjá almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins, Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur, frá 18. febrúar sl. var óskað eftir að Framkvæmdastjórn um vatnvernd á höfuðborgarsvæðinu tæki til skoðunar viðbrögð við hugsanlegum áhrifum eldgoss á Reykjanesi á neysluvatn á höfuðborgarsvæðinu.

Framkvæmdastjórnin tók málið þegar til skoðunar og kom síðan saman til fundar þann 26. febrúar. Meðfylgjandi er samantekt stjórnar;


„Vöktunaráætlun með gæðum neysluvatns, komi til eldgosa á Suðurnesjum eða í námunda við vatnsból höfuðborgarsvæðisins.“

og

„Áætlun um auknar efnamælingar þegar verndarsvæði vatnsbóla er undir álagi vegna eldgosa.“

Þá hefur framkvæmdastjórnin unnið drög að áætlun um hvernig bregðast skuli við ef vart verður áhrifa gosefna í neysluvatni. Drög sem teljast vinnuskjal en verða unnin áfram í samvinnu heilbrigðiseftirlits-svæðanna, veitufyrirtækjanna og annarra þeirra stofnana er hafa aðkomu að þessum málaflokki.

f.h. Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu



Hörður Þorsteinsson

Formaður

Framkvæmdastjóri

Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Fundur í framkvæmdastjórn, haldinn 26.2.2020.

Vöktunaráætlun með gæðum neysluvatns, komi til eldgosa á Suðurnesjum eða í námunda við vatnsból höfuðborgarsvæðisins.

Inngangur

Vöktunaráætlunin er hluti af viðbrögðum almannavarna höfuðborgarsvæðisins komi til eldgosa sem gætu haft í för með sér að mengandi öskufall eða loftstraumar bærust inn yfir verndarsvæði vatnsbóla. Vöktunaráætlunin verður unnin frekar í samráði við vatnsveitur á höfuðborgarsvæðinu.

Styrkur einstakra loftmengandi efna er breytilegur milli einstakra eldfjalla og eldgosa. Loftmengandi efni, sem fylgja eldgosum í nokkrum styrk og eru skaðleg í drykkjarvatni þarf að vakta. Algeng efni í þeim flokki eru brennisteinn, arsen, blý og flúor. Í vöktunaráætlun er gert ráð fyrir þessum efnum en um leið og frekari mælingar liggja fyrir og ef ástæða er talin til verður listinn endurskoðaður og öðrum efnum bætt við.

Fyrir liggja margendurteknar efnarannsóknir á neysluvatni á höfuðborgarsvæðinu. Á annað hundrað efnapættir hafa verið rannsakaðir árlega um langt skeið. Þau gögn verða nýtt sem bakgrunnsmælingar á styrk efna komi til eldgoss og hugsanlegra áhrifa þess á neysluvatnið.

Neysluvatn á höfuðborgarsvæðinu er grunnvatn sem sótt er í lokaðar borholur. Komi til eldgoss á Reykjanesi og berist loftstraumar inn á vatnsverndarsvæðið mun það taka nokkurn tíma þar til mögulegrar mengunar getur gætt. Vöktunaráætlunin tekur mið af þeirri staðreynd.

Vöktun og viðbrögð

Komi til eldgoss á Reykjanesi munu heilbrigðiseftirlitin;

- Hafa samband við uppgefna tengla vatnsveitna á svæðinu og virkja viðbragðs- og vöktunaráætlunina.
- (upplýsa almannavarnanefnd um að viðbragðsáætlun vegna neysluvatns hafi verið virkjuð sem og borgarstjóra og bæjarstjóra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu).
- Hafa samráð milli eftirlitssvæða á höfuðborgarsvæðinu.
- Vakta vindstefnur og vindstyrk í samvinnu við Veðurstofuna.
- Vakta upplýsingar um efnasamsetningu gosöskunnar.
- Meta hvort ástæða sé til að endurskoða sýnatökupörf með hliðsjón af upplýsingum um vindstefnur, efnasamsetningu gossins og annarra þátta.

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Áætlun um auknar efnamælingar þegar verndarsvæði vatnsbóla er undir álagi vegna eldgosa

(Neysluvatn á höfuðborgarsvæðinu er grunnvatn sem sótt er í lokaðar borholur. Komi til eldgoss á Reykjanesi og berist loftstraumar inn á vatnsverndarsvæðið mun það taka nokkurn tíma þar til mögulegrar mengunar getur gætt.)

Reglugerð 561/2001

RANNSÓKNAPÁTTUR	HÁMARKSGILDI	FLOKKUR	ATHUGASEMDIR
Arsen	10 µg/l	B	
Blý	10 µg/l	B	Gildið skal vera lýsandi fyrir neysluvatn
Kadmíum	5,0 µg/l	B	
Flúoríð	1,5 mg/l	B	
Sýrustig (pH)*1	≥ 6,5 og ≤ 9,5	C	

*1 Sýrustig ætti að greina við sýnatöku og aftur á rannsóknastofu.

Flokkur B:

Gripið skal til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að endurheimta vatnsgæðin. Skulu aðgerðir ráðast af því hve mikið greining er yfir hámarksgildi og þeirri hættu sem heilsu manna er búin. Taki heilbrigðisnefnd í samráði við Matvælastofnun þá ákvörðun að banna dreifingu neysluvatnsins eða takmarka notkun skal það gert með hliðsjón af þeirri hættu sem það kann að skapa. Í slíkum tilvikum skulu neytendum tafarlaust veittar upplýsingar og nauðsynleg ráðgjöf.

Stór vatnsból.

Kaldárbotnar. Vatnsveita Hafnarfjarðar, þjónar Hafnarfirði. (HHK)
Vatnsendakriki. Vatnsveita Kópavogs, þjónar Kópavogi og Garðabæ. (HHK)
Vatnsendakriki. Veitur, þjónar hluta Reykjavíkur og að stærstum hluta Mosfellsbæ. (HER)
Myllulækur, Gvendarbrunnar, Jaðar. Veitur, þjónar Seltjarnarnesi og hluta Reykjavíkur. (HER)

Lítill vatnsból.

Krýsuvík. Vatnsveita Hafnarfjarðar. (HHK)
Skíðasvæðið í Bláfjöllum. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins. (HHK)
Lækjarbotnar. Waldorfsskólinn. (HHK)
Vallá. Veitur. (HER)
Guddulaug. Vatnsveita Mosfellsbæjar (HKj)
Laxnesdý. Vatnsveita Mosfellsbæjar (HKj)

Sýnatökuáætlunin miðast við stóru vatnsbólin. Viðkomandi heilbrigðiseftirlit ákveður um sýnatökutíðni í minni vatnsbólum með hliðsjón af áætluninni.

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Sýnatökur:

Sýni tekið úr; Stofnlögn frá Kaldárbotnum. (HHK)
 Stofnlögn frá Vatnsendakrika (HHK)
 Stofnlögn frá Vatnsendakrika (HER)
 Stofnlögn frá Myllulæk, Gvendarbrunnum og Jaðri (HER)

Fjöldi sýna og tíðni:

Vikuleg sýni, eitt á hverjum ofangreindra staða.
Eftirlitssvæðin samræma sýnatökudaga í samvinnu við veiturnar og rannsóknastofur.
Ákvörðun um sýnatökutíðni verður endurskoðuð a.m.k. mánaðarlega á meðan álag varir.
Sýnatökutíðni verður aukin ef von er á hlákutíð.